

FÉLAGSSAMNINGUR

Orkuveita Reykjavíkur sef., kt. 551298-3029 (hér eftir nefnd OR) og Orkuveita Reykjavíkur-Veitur ohf. kt. 501213-1870 gera með sér svofelldan félagssamning um sameignarfélagið Orkuveita Reykjavíkur- vatns- og fráveita sf.:

1. gr.

Félagið er sameignarfélag og heiti þess er Orkuveita Reykjavíkur - vatns- og fráveita sf.

2. gr.

Heimilis félagsins er að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

3. gr.

Félagsaðilar eru:

Orkuveita Reykjavíkur sef, kt. 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík (99,9%) og Orkuveita Reykjavíkur-Veitur ohf. kt. 501213-1870, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík (0,1%).

4. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur vatns- og fráveitu skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga og lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitu.

5. gr.

Félagið er **ekki** sjálfstæður skattaðili.

6. gr.

Stofnendur leggja fram kr. 2.000.000 í stofnframlag í þeim hlutföllum sem fram koma í 3. gr.

7. gr.

Félagssamningi þessum verður einungis breytt með samþykki beggja stofnfélaga og skriflegri undirritun fulltrúa þeirra á félagsfundi.

8. gr.

Félagsfundir fara með æðsta vald í málefnum félagsins og skulu þeir haldnir í tengslum við reglulega eigendafundi OR. Forstjóri OR og framkvæmdastjóri Orkuveitu Reykjavíkur-Veitna ohf. skulu vera fulltrúar félagsaðila á félagsfundi og fara með atkvæðisrétt þeirra. Forstjóri OR og framkvæmdastjóri Orkuveitu Reykjavíkur-Veitna ohf. á hverjum tíma skulu saman hafa rétt til að rita firma félagsins. Þurfi að halda aukafundi í félaginu utan reglulegra eigendafunda OR skulu þeir boðaðir með sannanlegum hætti með 7 daga fyrirvara. Hvor félagsaðila um sig getur boðað slíkan fund telji hann þörf á.

Heimilt er að taka ákvörðun utan félagsfundar ef ekki er unnt að bíða með ákvörðun félagsfundar, þar til frestur til að boða fundinn er liðinn, án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Sama gildir ef báðir félagsmenn eru sammála um að taka ákvörðun utan félagsfundar.

Ákvörðun á félagsfundi skal tekin með samþykki beggja félagsmanna.

Félagsfundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir félagsfundar. Einnig skal bóka í fundargerðabók ákvarðanir sem teknar eru utan félagsfundar skv. 2. mgr. greinar þessarar. Skrá yfir viðstadda félagsmenn og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni.

Félagsfundur tekur ákvörðun um hvort greiða skuli félagsmönnum hlut þeirra í hagnaði félagsins.

9. gr.

Hagnaði og tapi skal skipt milli félagsmanna eftir eignarhlutföllum sbr. 3. gr.

10. gr.

Endurskoðendur félagsins skulu vera þeir sömu og endurskoðendur Orkuveitu Reykjavíkur sef.

11. gr.

Að öðru leyti en því sem fram kemur í samningi þessum skulu lög nr. 50/2007 um sameignarfélög gilda um félagið.

Reykjavík þann 31. desember 2013

Bjarni Bjarnason

Inga Dóra Hrólfsdóttir

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur-Veitna ohf.